


BINDINDIS-MÓTIÐ

Í GALTA-LÆKJARSKÓGI UM VERSLUNAR-MANNA-HELGINA

FÖSTUDAGUR:
- Diskótek

LAUGARDAGUR:
- Tívolí, leikir fyrir börn og ungmenni
- Ökuleikni '80 í umsjá BFÖ
- Dansleikir, tvær hljómsveitir
- Varðeldur

SUNNUDAGUR:
- Helgistund
- Barnatími
- Barnadans
- Skemmtidagskrá um kvöldið
- Dansleikir, tvær hljómsveitir

1.-3. ágúst

Galdrakarlar og Eccó

Mótsgjald kr. 10.000,- fyrir 12 ára og eldri.
Frítt fyrir yngri börn.

Ferðir frá Umferðarmiðstöðinni föstudag kl. 20.00 og laugardag kl. 13.00.
Fargjald báðar leiðir kr. 8.500.

Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi

AUGLÝSING samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laga nr. 40 18. mai 1978 um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum, um að álagningu opinberra gjalda á árinu 1980 sé lokið á þá menn sem skattskyldir eru hér á landi samkvæmt 1. gr. greindra laga, þó ekki á börn sem skattlögð eru samkvæmt 6. gr. þeirra.
Tilkynningar (álagningarseðlar) er sýna þau opinberu gjöld sem skattstjóra ber að leggja á á árinu 1980 á þessa skattaðila hafa verið póstlagðar.
Kærur vegna allra álagðra opinberra gjalda sem þessum skattaðilum hefur verið tilkynnt um með álagningarseðli 1980 þurfa að hafa borist skattstjóra eða umboðsmanni hans innan 30 daga frá og með dagsetningu þessarar auglýsingar.

Hafnarfirði 31. júlí 1980
Skattstjórinn í Reykjanesumdæmi
Sveinn Þórðarson

Starf ritara

við sálfræðideild í Réttarholtsskóla er laust til umsóknar.
Upplýsingar veittar í sima 32410.
Umsóknum með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til fræðsluskrifstofu Reykjavikur fyrir 13. ágúst n.k.

Laus staða

Staða dósents í sjúkraþjálfun í Háskóla Íslands er laus til umsóknar. Laun samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins.
Umsækjendur skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um visindastörf sín, ritsmíðar og rannsóknir svo og námsferil sinn og störf.
Umsóknir skulu sendar menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, fyrir 23. ágúst n.k.
Menntamálaráðuneytið, 23. júlí 1980



Nína við eitt verka sinna á Kjarvalsstöðum í gær. Ljósm. Ella

Vefjarlist að Kjarvalsstöðum

Nína Gautadóttir sýnir í fyrsta sinn á Íslandi

Nína Gautadóttir vefari opnar sýningu á veggskúlptúr að Kjarvalsstöðum í dag. Verkin eru unnin á timabilinu 1975—1980, en Nína hefur verið búsett í París um árabil. Hún hefur sýnt víða erlendis og er vel þekkt í listaheiminum. Þetta er í fyrsta skipti sem hún sýnir hér á landi.

Nína fór utan fyrir 10 árum til að nema höggmyndalist, en snéri sér síðar að vefjarlist. Verkin á sýningunni eru gerð úr ýmis konar efni, netagarni, hampi, nælonþræði og ull. Flest verkin er fremur stór, en einkum vakti hrifningu okkar verkin „Nú er frost á fróni" sem minnir helst á snævi þakinn skóg, „Haustgluggar" og „Kengúra með axlabönd".

Nína tjáði okkur að sér hefði tekist að skrimta af list sinni, en vefjarlistin tekur sinn tíma. Hún nefndi sem dæmi að það hefði tekið sig 1 1/2—2 mánuði að gera sum verkin.

Sýningin stendur til 24. ágúst og eru öll verkin til sölu. Kjarvalsstaðir eru opnir daglega frá kl. 14—22, lokað er á mánudögum.
— ká.

Ársskýrsla Bifreiðaeftirlits ríkisins nýkomin út:

Endingatími ökutækja á Íslandi er 16,5 ár

30% allra ökutækja landsmanna skiptu um eigendur á síðasta ári

Miðað við afskráð ökutæki hér á landi á síðasta ári kemur í ljós að bifreiðar á Íslandi endast í 16,5 ár sem er 0,7 árum lengur en árið á undan. Þessi endingartími er óvenjuhár og nokkuð hærri en athuganir á endingartíma bifreiða hérlendis gáfu til kynna árið 1971 og 1973 en þá var hann 14,5 ár.

Þessar upplýsingar koma m.a. fram í nýútkominni skýrslu Bifreiðareftirlits ríkisins fyrir síðasta ár.

Þá er einnig athyglisvert að um 30% ökutækja skipti um eigendur á síðasta ári á landinu öllu, og virðast ökutæki á þéttbýlisstöðum skipta þéttar um eigendur en um 32% bifreiða skráð í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu skiptu um eigendur á sl. ári.

Fyrir 10 árum síðan var gerður samanburður á endingu ökutækja í Bandaríkjunum, Bretlandi, V-Þýskalandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Reyndist endingartími ökutækja lengstur í Noregi 14,6 ár og stystur í Bandaríkjunum 10,4 ár. Á Íslandi er endingartíminn miðað við síðasta ár aftur á móti 16,5 ár eins og áður sagði.

Bifreiðaeign landsmanna í árlok 1979 var 90.015 bifreiðar þar af 82.142 fólksflutningabifreiðar og 7.873 vörubifreiðar. Þar að auki voru 563 bifhjól á skrá hjá Bifreiðareftirlitinu.

Bifreiðaeftirlitið gerir ráð fyrir, með tilvísun til spár Framkvæmdastofnunnar um fólksfjöldaaukningu fram til næstu aldamóta, að árið 1995 nálgist fólksbílaeign landsmanna 140.000 bíla og ökutæki verði þá alls 150 þús. á landinu.
— lg.

Djassað um helgina

Hinn vinsæli skemmtistaður Klúbbur eff ess í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut verður opinn eins og venjulega um verslunarmannahelgina. Þar leikur jazz-trió Kristjáns Magnússonar á föstudagskvöld og á sunnudagskvöld verður Guðmundur Steingrímsson og hljómsveit á fullri ferð. Í Klúbbi eff ess eru á boðstólnum ljúffengar pizzur og sjávarréttir og þar er opið frá kl. 20.00-01.00.


Lýst eftir manni

Frá lögreglunni í Reykjavík:

Lýst er eftir **Elíasi Kristjánssyni**, sem fór frá heimili dóttur sinnar að Barmahlíð 29, Rvík., um kl. 17.00, síðastliðinn sunnudag.

Elías er 46 ára að aldri, klæddur gráröndóttum jakka, gráum buxum, blárri skyrtu og brúnum skóm. Hann sást síðast aka bifreið sinni R—25258, sem er lítil Zastava rauð að lit, Vesturlandsveg á móts við Grafarvog á leið frá Reykjavík, og þá var farþegi í bifreiðinni.

Þeir sem hafa orðið varir við Elías frá því á sunnudag eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna í Reykjavík.



Elías Kristjánsson.